

Nd. 247. Framhaldsnefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt framkomnar tillögur á þskj. 235 og 242. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki mælt með samþykkt þeirra. Efni tillagnanna hafði áður verið rætt í nefndinni að verulegu leyti og þá kom það sjónarmið skýrt fram, sem meiri hl. styður, að ekki sé tiltækt að svo komnu að móta það skipulag sem þar er gert ráð fyrir, að leggja málið fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Hins vegar hefur meiri hl. lagt áherslu á fullt samráð ráðherra um framkvæmd málsins við hagsmunaaðila í sjávarútvegi svo og sjávarútvegsnefndir þingsins. Vísast um það til nefndarálits meiri hl. þar sem undirstrikaður er vilji meiri hl. til þess að tryggja fullt samráð ráðherra við nefnda aðila. Hefur hann gefið skýrar yfirlýsingar um að hann muni leggja sig fram um slíkt samráð.

Meiri hl. getur ekki tekið undir önnur efnisatriði sem fram koma á þskj. 242, en minnir á að í frv. er ákvæði um að lögin skuli aðeins gilda í eitt ár.

Meiri hl. leggur áherslu á að eigi síðar en næsta haust, þegar þing kemur saman, verði unnið að endurskoðun laganna í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist svo að unnt sé að leggja málið fyrir á Alþingi fyrir árslok.

Alþingi, 17. desember 1983.

Stefán Guðmundsson,
form., frsm.

Friðrik Sophusson.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr.

Halldór Blöndal.

Ingvar Gíslason.

Gunnar G. Schram.